

Kynferðisleg samskipti við börn á netinu

Markmið

Þessi hluti miðar að því að skoða og öðlast skilning á eftirfarandi:

- Hvers vegna eigum við samskipti við börn á netinu af kynferðislegum toga.
- Hvernig þróast hegðunin?
- Hvað viðheldur hegðuninni.

Hvað er átt við með kynferðislegum samskiptum?

Kynferðisleg samskipti fullorðinna við börn á netinu getur komið til vegna marga ástæðna.

Sumir eiga í kynferðislegum samskiptum við börn vegna þess að þeim finnst það kynferðislega spennandi. Aðrir eru að leitast eftir að fá sendar kynferðislegar myndir af börnum eða vilja senda þeim myndskreið af sjálfum sér í kynferðislegum stellingum. Enn aðrir nota netið sem tól til að kynna og síðar hitta barn í persónu til þess að eiga í kynferðislegum samskiptum. Oft skarast þessi hegðun en hafa skal í huga að hegðun af þessum toga flokkast sem nettæling, hún er ólögleg og veldur skaða. Það getur verið misjafnt hvernig kynferðisleg samskipti við börn á netinu þróast. Hér eru nokkur dæmi um einstaklinga sem átt hafa í kynferðislegum samskiptum við börn á netinu og sýna mismunandi hliðar svona hegðunar.

Agnar

Agnar er á fimmtugsaldri, giftur og á þrjú börn á aldrinum 7-12 ára. Þar til nýlega starfaði hann í streituvaldandi starfi sem yfirmaður í ferðabransanum. Agnar hefur skoðað fullorðinsklám af og til frá unglingsaldri. Undanfarin ár hefur hann verið á spjallrásum fyrir fullorðna í kynferðislegum tilgangi og stundum hefur hann átt í samskiptum við unglingsstúlkur í gegnum vefmyndavél, hvatt þær til að stunda sjálfsfróun í myndavélina og berað sig fyrir þeim. Hann hefur hvorki hitt fullorðna né unglingsstúlkur sem hann hefur verið í kynferðislegum

samskiptum við og hefur ekki haft neinn áhuga á því. Fyrir Agnari voru kynferðisleg samskipti við fullorðna og unglingsstúlku á netinu leið til að slaka á á kvöldin þegar restin af fjölskyldunni var sofnuð.

Bjarni

Bjarni er samkynhneigður maður á fertugsaldri. Hann á engin börn og starfar í fjármálageiranum. Hann hefur takmarkaða reynslu af ástarsamböndum á sínum fullorðinsárum og hefur ekki verið í sambandi í nokkur ár, sem veldur honum þirringi og kvíða. Undanfarna mánuði hefur hann búið til falskan prófíl af unglingsstúlku á nokkrum samfélagsmiðlum. Gegnum þennan prófíl hafði hann samband við unglingsstráka og með tímanum fór hann að tala við strákana um kynhegðun þeirra, fantasíur og svo framvegis. Bjarni gerði ekki tilraun til að hitta strákana í persónu, enda var hann að þykjast vera unglingsstúlka. Honum þóttu þessi kynferðislegu samskipti við stráka æsandi og hann naut einnig áskorunarinnar að fá strákana til að tala um eigin kynhegðun.

Róbert

Róbert er á miðjum fimmtugsaldri og vinnur í matvörubúð. Hann býr einn og hefur aðeins átt í einu sambandi yfir ævina sem lauk fyrir mörgum árum þegar kærasta hans hélt framhjá með vini hans. Róbert hefur verið varfærinn við að hitta einhverja nýja síðan þá. Hins vegar, á síðustu þremur árum, hefur hann byrjað að spjalla við aðra á netinu í gegnum samfélagsmiðla. Hann var ekki að leitast sérstaklega eftir sambandi og hafði gaman af því að tala við alls konar fólk. Honum þótti sérstaklega gaman að styðja ungt fólk sem glímdi við andlega erfiðleika, þar sem honum fannst hann hafa mikilvæga reynslu sem hann gæti miðlað. Með tímanum varð hann náinn 15 ára stúlku sem heitir Klara og varð fyrir einelti í skólanum. Róbert og Klara eyddu miklum tíma í að spjalla í gegnum skilaboðaforrit, sérstaklega á kvöldin. Eftir nokkra mánuði fannst Róberti hann vera orðinn ástfanginn af Klöru. Hann sagði henni frá tilfinningum sínum og sagðist telja að þeim væri ætlað að vera saman sem par. Honum til mikillar ánægju og léttis upplýsti Klara að sér liði eins og ákváðu þau í sameiningu að fara í burtu saman yfir helgi, í laumi.

Jón

Jón er 28 ára gamall. Hann býr með nokkrum samleigjendum og starfar við hugbúnaðargerð. Hann hefur alltaf skoðað fullorðinsklám og hefur átt mikið af bólfélögum undanfarin ár. Jón hefur gaman af því að djamma og notar vímuefni flestar helgar. Honum finnst hann vera of ungur til að festa ráð sitt og kynlíf er mikilvægur hluti af lífsstíl hans. Jón notar ýmsa prófíla á fjölmörgum stefnumótaforritum og samfélagsmiðlum til að finna nýja bólfélaga og taka þátt í netkynlífi. Hann laðast helst að konum á aldrinum 18-24 en veit að sumar stelpurnar sem hann hefur spjallað við á netinu hafa verið allt niður í 14 ára. Fyrir nokkrum vikum hitti hann stelpu sem hann heldur nú að sé undir löfgaldri og stundaði kynlíf með henni á hóteli.

Sigga

Sigga er kona á fimmtugsaldri, gift en barnlaus og starfar við aðhlyningu eldri borgara. Hún er búin að vera með sama makanum í 25 ár og lítil spenna er í sambandinu. Sigga hefur átt í kynferðislegum samskiptum á netinu í mörg ár og byrjaði á samskiptum við fullorðna karlmenn. Hún sótti í samskiptin bæði vegna einmanaleika, spennu og kynferðislegrar örvunar. Sigga hefur átt í kynferðislegum samskiptum við einn karlmann í nokkra mánuði, sem sagðist fyrst vera 18 ára en síðar kom í ljós að hann er 15 ára. Hún telur sig elska hann og vill eiga í sambandi með honum, kynferðislegu og rómantísku.

Kannast þú við einhverja af þessari hegðun? Tengdirðu við einhverja þætti í aðstæðum viðkomandi?

Hringrás nettælingar


Sumum finnst gagnlegt að skoða hvort það sé ákveðið munstur í hegðun sinni. Það getur hjálpað við að skilja hegðunina og þættina sem hafa áhrif á ákvörðunartöku. Það að átta sig á hegðunarmynstrinu gefur tækifæri á að grípa inn í og koma í veg fyrir að hegðunin verði endurtekin.

Hringrásin gefur ákveðna mynd á því hvernig nettæling getur þróast. Hins vegar skal hafa í huga að hringrás er einstaklingsbundin og breytist líklega með tímanum og því eiga ekki öll stig við um alla.

Æfing: Hringrás nettælingar

Líttu á hringrásina hér að neðan og skoðaðu hvernig hvert stig gæti átt við kynferðisleg samskipti þín við tiltekið barn eða börn almennt. Það gæti líka verið gagnlegt að hugsa út í eitt af dæmunum hér fyrir ofan og hvernig hringrásin á við þann aðila.

Meðan þú ert að gera þessa æfingu skaltu hugsa um hvernig hegðun þín breyttist með tímanum. Hvaða stig hringrásarinnar skiptu mestu máli? Hvernig hefur hugsun þín breyst? Hvernig byrjuðu kynferðislegu samskiptin?



Á netinu

Fólk skynjar netið sem stað þar sem það getur tjáð sig kynferðislega með opnari hætti. Til dæmis gætu sumir fundið fyrir auknu sjálfstrausti við að tala við fullorðna eða börn um kynlíf á netinu frekar en í persónu. Eða að á netinu sé hægt að sýni af sér meira sjálfsöryggi eða sýnast vera meira aðlaðandi og svo framvegis.

Til að lesa meira um þessa þætti netsins gætir þú haft gagn af því að skoða verkefnið sem fjallar um *Lífið á netinu* og verkefnin í honum.

Fyrstu kynni við barn eða börn

Hér er verið að horfa til þess hvernig fyrstu kynni við börn gerast; hvernig samskipti byrja.

Þátttaka fengin

Þótt að oft sé þrýst á börn í samskipti er vitað að stundum nær fólk athygli þeirra með því að nota falskan prófil eða nota orðalag barna og unglunga.

Að kynnast barninu

Eftir að samskiptin eru byrjuð sýna sumir fullorðnir áhuga á öðrum þáttum í lífi barnsins. Þetta snýst um að styrkja samband þeirra við barnið.

Aðferðir við sannfæringu

Leiðir sem viðkomandi notar til að fá barn til að gera hluti eins og að senda kynferðislegar myndir eða myndskeið af sér.

Kynferðisleg hegðun

Þetta er kynferðislega hegðunin sjálf, til dæmis að skiptast á kynferðislegum myndböndum og myndum, tala við barn á kynferðislegan hátt, hitta barn í kynferðislegum tilgangi eða að brjóta gegn barni kynferðislega.

